

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Sólarsjóð.

Við, Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir, kt. 120461-5169 og Jón Ásgeir Jóhannesson, kt. 270168-4509, til heimilis að Sóleyjargötu 11, 101 Reykjavík, höfum í tilefni af brúðkaupi okkar 17. nóvember 2007 ákveðið að stofna sjóð sem beri nafnið Sólarsjóður og um sjóðinn gildi eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Nafn sjóðsins er Sólarsjóður. Heimili sjóðsins og varnarþing er Sóleyjargata 11, 101 Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja langveik börn, aðstandendur þeirra og félagasamtök sem vinna að sama markmiði.

3. gr.

Við, stofnendur, veljum fjóra menn í stjórn sjóðsins til 3ja ára í senn og skal formaður valinn sérstaklega en hinir teljast meðstjórnendur. Stjórnarstörf skulu ekki launuð. Falli Ingibjörg Stefanía frá tekur sonur hennar Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, kt. 220182-3719, Sóleyjargötu 11, Reykjavík, sæti hennar við val stjórnar. Falli Jón Ásgeir frá tekur sonur hans Stefán Franz Jónsson, kt. 111297-2819, Strandvegi 9, Garðabæ, sæti hans við val stjórnar, hafi hann aldur til, en ella annast Ingibjörg Stefanía ein val stjórnarinnar þar til Stefán Franz verður lögráða. Að stofnendum og arftökum þeirra gengnum skal stjórn Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum, tilnefna stjórn sjóðsins.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er 100.000.000 krónur –eitthundraðmilljón krónur– sem stofnendur leggja fram við stofnun sjóðsins. Fé sjóðsins skal varðveitt á bankareikningi eða með fjárfestingum í traustum verðbréfum. Stjórn sjóðsins ákveður og ber ábyrgð á fjárvörslu hverju sinni.

5. gr.

Tekjur Sólarsjóðs eru framlög til sjóðsins, sem lögð eru fram án skilyrða, sem og ávöxtun af eignum sjóðsins.

6. gr.

Sjóðstjórn skal úthluta fé árlega. Heimilt er að úthluta fé oftar ef sérstakt tilefni gefst til. Sjóðstjórn er heimilt að úthluta fé með eða án umsókna. Við það skal miðað að eftir úthlutun hverju sinni séu eignir sjóðsins ekki verðminni en framlag stofnenda.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu áritaðir um endurskoðun af endurskoðanda sem stjórn sjóðsins velur.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður breytt eða sjóðnum slitið með ákvörðun meirihluta stjórnar sem hljóti samþykki beggja stofnenda eða þeirra sem koma í stað þeirra enda fái skipulags-skráin þannig breytt samþykki viðeigandi stjórnvalds, sbr. nú lög nr. 19/1988.

9. gr.

Um starfsemi sjóðsins gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Leitað skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskránni.

Skipulagsskrá Sólarsjóðs, sem starfa skal í samræmi við lög nr. 19/1988, staðfesti ég með undirritun minni.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 4. janúar 2008.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.